

Tillaga umhverfis- og skipulagsráðs og stafræns ráðs fyrir sameiginlegan fund stafræns ráðs og umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur, 24. janúar 2024.

Tillaga um snerpu og skilvirkni við minni framkvæmdir

Lagt er til að skoða leiðir til að leysa minni framkvæmdaverkefni meðal annars vegna Hverfið mitt og ábendingagáttarinnar á enn hagkvæmari og skilvirkari hátt, til dæmis með föstu uppsettu afli innan borgarinnar. Þannig væri hægt að bregðast við af snerpu þegar eitthvað má betur fara um leið og farið er vel með fé.

Greinargerð:

Meðal áhersluatriða í lýðræðisstefnu Reykjavíkur 2021-2030 er aukin ánægja notenda með þátttöku í lýðræðisverkefnum borgarinnar sem og aukin skilvirkni verkefnanna. Í aðgerðaráætlun lýðræðisstefnu Reykjavíkur er aukin skilvirkni og ánægja notenda við notkun ábendingavefsins meðal aðgerða.

Við framkvæmdir á verkefnum í Hverfið mitt er farið eftir svipuðu módeli og við stærri framkvæmdir, þar sem verkefni og eftirlit er leyst með innkeyptri vinnu. Ef til vill væri hagkvæmara að fara aðrar leiðir, jafnvel með uppsettu afli sem getur farið einfaldari leiðir að lausn mála, og verðugt að greina tækifæri til þess. Stundum hefur verið kvartað yfir verðmiða einstakra verkefna í Hverfið mitt, þrátt fyrir að góðar ástæður séu fyrir þeim verðmiða þar sem allt vegna verkefnisins er tekið inn í myndina. Hinsvegar gæti breytt fyrirkomulag verið til þess fallið að lækka þennan verðmiða og væri það ánægjulegt enda myndi fjármagnið þá nýtast enn betur í enn fleiri verkefni.

Ábendingagáttin hefur sannað gildi sitt og er mjög mikilvægt lýðræðistól þar sem íbúar geta beitt sér fyrir betrubótum í sínu nærumhverfi á mjög skilvirkan hátt. Að jafnaði er brugðist við hratt og örugglega, en ef til vill gæti uppsett afl eða nýtt fyrirkomulag fyrir Hverfið mitt einnig nýst við lausn minni framkvæmda og verkefna úr ábendingagáttinni sem ellegar myndu dragast.